

Hornstrandafriðlandið

Ársskýrsla 2013



Hornstrandafriðlandið 2013

Ársskýrsla

Jón Björnsson

Forsíða: Hornvík í ágúst 2013 (ljósm. Jón Björnsson)

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	4
Veður og náttúrufar 2013.....	5
Störf og verkefni sumarið 2013	7
Ferðamenn 2013	8
Dagferðamenn.....	9
Tjaldsvæðið Höfn, Hornvík	10
Umgangni	12
Umræður	17
Niðurlag	18
Viðaukar	19
Auglýsing um friðland á Hornströndum	19
Hornstrandanefnd	20
Viðauki, skilti á kamra.....	20
Ástandsskýrsla 2013.....	21

Inngangur

Vorið 2013 heilsaði með miklum snjó á svæðinu, ófærð víða og köldu tíðarfari eftir umhleyplingasaman vetur. Snjó tók upp langt fram á sumar og þrátt fyrir sólríkan fyrri hluta var kalt í friðlandinu. Tíðarfar hafði áhrif á ferðamenn og fáir lögðu leið sína um friðlandið fyrri hluta sumars. Umhleyplingar settu einnig svip sinn á heitustu mánuðina og haustlægðir uppúr miðjum ágúst fældu ferðamenn frá og í lok mánaðarins voru allir farnir af svæðinu. Ferðamenn voru álíka margir og fyrri ár eða um 6000. Íslendingum hefur fækkað nokkuð undanfarin ár, ekki síst í göngu, en fjölgaði nú aftur. Hinsvegar virðast færri nýta sér sumarhús á svæðinu. Enn fjölgar gestum skemmtiferðaskipa sem koma með áætlunarbátum frá Ísafirði (sjá kafla um ferðamenn). Talsverð vinna var á vegum Hornstrandastofu í friðlandinu og var skilað 43 vinnuvikum í friðlandið yfir sumarmánuðina. Langstærsti hluti þeirra vinnu voru verkefni sjálfboðaliða eða um 60% vinnutímans. Stærsta verkefni sumarsins innan friðlandsins var endurhleðsla á hrundum vörðum á Innri Hesteyrarbrúnum (sjá skýrslu í viðauka).



Landvarðartjald ofan Meleyrar í Veiðuleysufirði 13. Júlí 2013 (mynd: Jón Björnsson)

Veður og náttúrufar 2013

Veður var umhleypingasmat veturinn 2012-2013. Snjóaði í friðlandinu fyrir miðjan september 2012 og tók snjó ekki aftur upp fyrr en að vori utan láglandis. Fyrsta vetrarlægðin gekk yfir í lok október og stóð nokkra daga. Tíð hvassviðri og umhleypingar voru í nóvember, en talsvert snjóaði er leið á mánuðinn og féllu snjóflóð víða. Aðgerðarlítill veður heilsuðu í desember, var löngun heiðskýrt en kalt. Í lok ársins gekk djúp lægð yfir landið og snjóaði mikið í kjölfar hennar. Vindur fór í 30 m/sek á Hornbjargsvita í hreinni norðanátt. Fréttist af tjóni á húsum á svæðinu m.a. í Fljótavík.

Aftur hlánaði í janúar og fór hiti mest í 8°. Tók nokkuð upp af snjó en einnig mynduðust talsverð klakabönd á svæðinu og tók seint upp. Asahláku gerði í febrúar og lá klakahella yfir láglandi Jökulfjarða í kjölfarið. Fyrstu göngumenn ársins lögðu leið sína í friðlandið 25. febrúar og voru þar tveir ungir Ítalir á ferð. Mars var umhleypingasamur líkt og aðrir mánuðir en nokkuð snjóaði þó er leið á mánuðinn. Góðviðri var í byrjun apríl en stóð ekki lengi. Tóku við stífar N- og NA áttir, með éljum og frosti og stóð að mestu fram yfir miðjan maí með einstaka góðvirðisögum. Talsverður snjór var á öllu svæðinu í lok maímánaðar og fátt sem minnti á vorið.

Júní var kaldur en sólríkur. Snjór var yfir öllu og hlánaði hægt. Var enn talsverður snjór víða á svæðinu í mánaðarlök.



Hesteyrarfjörður um miðjan júní 2013 (ljósm. Jón Björnsson)

Júlímánuður hófst með snjókomu til fjalla og brælutíð. Áætlanir báta fóru úr skorðum fyrstu vikuna og svæðið var erfitt yfirferða vegna bleytu. Fyrri hluti mánaðarins var vætusamur. Að öðru leiti var mánuðurinn umhleypingasamur, gat náð um hlýindum yfir daginn en oft kalt á næturnar. Hafís lónað tæpar 40 sjm norðvestur af svæðinu.

Ágústmánuður var umhleypingasamur og gengu haustbrætur yfir snemma mánaðarins. Snjókomu og brælu gerði í ágústlok en kom vart að sök enda allir farnir af svæðinu. Talsvert ísrek var á hafsvæðinu norður af Horni.

Haustið var brælusamt þó ágæt veður gerði á milli, umhleypingar algengir og snjóaði snemma í fjöll. Vetur kom í öllu sínu veldi um miðjan nóvember.

Eðlilega reynir rysjótt tíð mjög á lífríkið. Fuglar voru seinir til varps og margir af snjóþyngri stöðum friðlandsins voru fugllausir allt sumarið. Skordýrafána var einnig fágætari en oft áður, til að mynda var rykmý í lágmarki og kóngulær sem að jafnaði eru mjög algengar í ágúst sáust vart. Refur tímgædist ágætlega í grennd við Hornvík, enda tveir hvalir í flæðamálinu þeim til boða. Blómgun var sein á svæðinu og ekki mikill kraftur í gróðri. Sumarið einkenndist því af meiri lægð í lífríkinu en mörg undanfarin sumur (ath. huglægt mat landvarðar, enda engar samanburðarmælingar til staðar).



Tveir yrðlingar við greni skammt innan Hornsár í Hornvík (ljósm. Jón Björnsson)

Störf og verkefni sumarið 2013

Landvarðarvikum fækkaði sumarið 2013 og voru aðeins fjórar. Tveir starfsmenn skiptum þeim á milli sín. Kallaði þetta á aukna viðveru sérfræðings svo og ferðir hans um svæðið. Hinsvegar unnu tveir sjálfbóðaliðar í friðlandinu við sambærileg störf, háskólanemi frá Landbúnaðarháskólanum, Linda Kvaran, starfaði tvær vikur í Hornvík, sinnti þar landvörslu ásamt fleir verkum. Þá starfaði erlendur sjálfbóðaliði, Phil Eastwood, 11 vikur með staðsetningu á Hesteyri. Phil hefur starfað áður í friðlandinu og þekkir vel til aðstæðna. Linda Udengard og Birna Jónasdóttir störfuðu sem landverðir hvor sínar tvær vikur. Skýrsluhöfundur, Jón Björnsson, starfaði 14 vikur í friðlandinu sumarið 2013.



Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar, ásamt hleðslumeistara á Hesteyrarbrúnum í júlí 2013

Hópur sjálfbóðaliða frá Sjálfbóðaliðasamtökum Umhverfisstofnunar starfaði 12 daga í friðlandinu og þeim til halds og traust var ráðinn sérfræðingur í grjóthleðslu, alls 7 manns.

Heildarvinnuvikur í friðlandinu voru samtals 44 vikur og hafa sennilega aldrei verið fleiri, þrátt fyrir fækkun landvarðarvikna. Samtals 306 dagsverk.

Verkefni landvarða voru hefðbundin, eftirlit og gæsla, fylgst með ferðamönnum, fjölda þeirra og eigindum og veittar upplýsingar og aðstoð eftir þörfum. Fræðsla er óformleg en eykst sífellt.

Vöktun vissra lykilþátta eru árviss verkefni (sjá ferðamenn). Dagbækur eru haldnar og fylgst með veður- og náttúrufari. Áhersla er lögð á samskipti við landeigendur á staðnum og að halda þeim vel upplýstum um þau verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Hið sama gildir um ferðþjónustuaðila sem senda gesti á svæðið. Önnur helstu verkefni tengjast rekstri, þrifum og viðhaldi innviða, tjaldsvæði, kamrar, göngustígar o.s.frv. Ástand skilta er metið og þeim skipt út ef þörf er á. Í dag eru nær allir kamrar á svæðinu nýjir og er kapp lagt á að halda þeim hreinum og fúaverja sumar hvert. Skilti voru sett á kamrana sumarið 2013 með umgengnis leiðbeiningum og bætti það ástand þeirra mikið (sjá viðauka).

Stærsta verkefni sumarsins tengdist endurhleðslu á vörðum á Innri Hesteyrarbrúnum, en fjöldi varða á þeirri leið hafa hrunið undanfarin ár. Styrkur fékkst hjá Ferðamálastofu til verskins og leyfi Minjastofnunar. Sjálfboðaliðar unnu verkið en sérfræðingur í steinhleðslu var fengin til að stýra verkefninu, Kristín Auður Elíasdóttir frá Þingeyri. Framgang verkefnisins má sjá í viðauka.


Ferðamenn 2013

Áætlaður fjöldi ferðamanna um Hornstrandafriðlandið 2013 er talinn um 5800 manns (+/- 10%) sem er svipaður fjöldi og undanfari ár. Ávalt eru einhverjar breytingar á eigindum ferðamanna og hefur svo einnig verið undanfarin ár.

Ferðamönnum er skipt í aðgreinda hópa eftir ferðahegðun (eigindum). Hóparnir eru:

- Dagsferðamenn (fjölmennasti staki hópurinn í dag)
 - Farþegar skemmtiferðaskipa (fjölmennastir dagsferðamanna), koma nær allir á Hesteyri
 - Kaffi- eða dagsferð á Hesteyri (lausasala)
 - Dagsgönguferðir
 - Sæból – Hesteyri
 - Hesteyri – Látrar
 - Veiðileysufjörður – Kvíar
 - Hornbjarg
- Göngumenn án þjónustu (ganga með allt á bakinu og gista í tjöldum)
- Göngumenn með þjónustu (trússa farangur og gista í húsum)
- Sumarhúsaeigendur
- Aðrir (vetrarferðamenn, ekki síst skíðamenn)


Það er nokkuð flókið að finna út fjölda gesta í hverjum flokki fyrir sig. Góðar upplýsingar eru til um fjölda dagsferðamanna og hægt er að nálgast tölur um fjölda göngumanna í húsagistingu. Fjöldi tjaldferðalanga (ganga m. tjald) er þekktur í Hornvík og er áætlað að um 75% göngumanna fari um hana. Á haustin eru fengnar upplýsingar frá flestum ferðapjónustuaðilum um fjölda bátsfarþega. Reynt er að geta í fjölda einkabáta og þá eru einnig nokkuð um að gestir fljúgi inn og út af svæðinu. Út frá áætluðum heildarfjölda er reynt að meta fjölda húsagesta, þ.e. eigendur húsa í friðlandinu og gestir þeirra. Sumir þeirra koma oft í friðlandið yfir sumartíman og getur því hluti þeirra verið talin oftari en einu sinni. Tölur þarf því að taka með fyrirvara.



Áætluð eignindi gesta í Hornstrandafriðlandinu 2013

Dagferðamenn


Dagferðamenn voru um 2300 sumarið 2013 og hafa aldrei verið fleiri. Stöðugt fjölgar í þeim hópi og eiga farþegar skemmtiefrðaskipa stærstan þátt í þeirri þróun og telja rúmlega helming dagferðamanna. Meðf. mynd er með fyrirvara þar sem ekki bárust upplýsingar frá öllum flytjendum.



Hlutfall dagsferðamanna í mismunandi ferðir

Tjaldsvæðið Höfn, Hornvík


Mikill fjöldi göngumanna leggur leið sína í Hornvík og bróðurpartur þeirra tjaldar í Höfn. Þar er nú viðvera landvarða stóran hluta sumars. Aðstaða í Höfn breyttist verulega sumarið 2009 með tilkomu lítills þjónustuhúss (landvarðarhús), en þar er aðstaða fyrir landvörð og salerni fyrir tjaldsvæðið. Hornvík liggur nokkuð miðsvæðis og auðvelt er að ná til flestra gesta sem þangað koma. Í Hornvík hefur fjöldi gesta, ferðatími í friðlandinu, þjóðerni o.fl. verið skráð í mörg ár.




Samanburður á fjölda gesta og gistinátta í Höfn 2011 til 2013

Sumarið 2013 fjölgaði gestum á tjaldsvæðinu í Höfn verulega svo og gistináttum. Þegar ákvörðun var tekin um uppbyggingu salerna í Höfn, voru gistinætur tæplega 1000 á sumri. Sumarið 2013 voru þær 1444 og hafa aldrei verið fleiri. Gestir voru 809. Meðalgistinætur voru 1,8 á hvern gest og meðaldvöl gesta í friðlandinu voru 4,8 dagar. Áætla má út frá talningu gesta í Hornvík að heildargistináttafjöldi tjaldferðamanna í öllu friðlandinu 2013 hafi verið um 4.400.

Undanfarin ár hefur Íslendingum í hópi göngugesta fækkað nokkuð, en 2013 fjölgaði þeim aftur og voru rúmur fjórðungur gesta á tjaldsvæðinu. Miðevrópubúar voru næstfjölmennastir og þá Bandaríkjamenn. Tiltölulega fáir gestir koma frá Norðurlöndum og Bretar voru álíka margir.



Á tjaldsvæðinu í Höfn Hornvík er þjóðerni gesta kannað árlega ásamt ýmsum öðrum þáttum, s.s. dvalartími á svæðinu, gönguleið o.fl. Upplýsingarnar eru mjög gagnlegar og lýsandi fyrir göngumenn án þjónustu. Árið 2013 fjölgaði Íslendingum í slíkum ferðum og urðu þeir á ný fjölmennasti hópur gesta, eða rúmlega fjórði hver gestur.



Íslendingar eru rúmlega helmingur gesta sem sækja friðlandið heim(52%), enda langfjölmennastir í húsagistingu og í gönguferðum með þjónustu (gististaðir).

Umgengni

Talsvert átak hefur verið gert í umgengnismálum undanfarin á og er svo enn. Margt hefur lagast verulega, þó enn megi bæta ástandið. Flestir ferðamenn taka nú allt rusl með sér af svæðinu, bálköstum hefur fækkað og umgengni um kamra stórlagast. Enn eru þó stöku þættir sem taka þarf á, ekki síst umgengni á sumum tjaldsvæðum. Einstaka ferðamenn setja enn upp bálköst við tjald sitt og skilja eftir sig brunaslóð á grónu landi sem tekur oft mörg ár að jafna sig. Þá er nokkuð um það að gestir fergja niður tjöld sín á tjaldsvæðum með grjóti eða rekavið sem þeir bera inna á tjaldsvæðin, jafnvel þó veður séu góð og jarðvegur traustur og engin þörf á slíku. Vandinn er hinsvegar sá að margt fólk gengur ekki frá eftir sig og skilur grjót og drumba eftir á tjaldsstað og fer talsverð vinna sumar hvert í að hreinsa til eftir gesti. Á leiðbeiningarskiltum er fólk beðið um að skila svæðum í sama ástandi og það kom að þeim en virðist þó ekki ganga. Er sennilega eina lausnin að banna allan innburð á tjaldsvæði og setja reglur á hvert tjaldsvæði. Sumir telja að þarna sé um að ræða venju úr Landmannalaugum þar sem alvanalegt er að fergja tjöld.



Vísað til vegar, Phil, sjálfboðaliði á Hesteyri leiðbeinir ferðamönnum (ljósm: Jón Björnsson)

Í friðlandinu eru 16 tjaldsvæði. Svæðin eru merkt og a.m.k. kamar á þeim. Ferðamenn eru beðnir að tjalda á umræddum svæðum. Sumir ferðamenn fara þó ekki eftir þeirri ósk og tjalda þar sem þeim sýnist, jafnvel þó örskammt sé í næsta tjaldsvæði. Oft er um ferðamenn sem halda að gjaldtaka sé á tjaldsvæðum og ætla sér að losna undan þeirri skyldu. Ferðamenn utan merktra tjaldsvæða eru hvattir til að nota tjaldsvæðin.

Þá eru einnig svæði sem margir tjalda á þó skammt sé í merkt tjaldsvæði og hefur komið til tals að flytja merktu tjaldsvæðin inn á umrædda tjaldsstaði. Meðal slíkra svæða má nefna Kjaransvík, skammt vestan við tjaldsvæðið í Hlöðuvík og þá tjalda margir í Drifandisdal, miðja vegu milli Smiðjuvíkur og Bjarnarness, en þar eru tjaldsvæði. Í framtíðinni er vel hugsanlegt að tjaldsvæðin verði flutt á umrædda staði, enda virðast þeir liggja betur í leið ferðamanna. Á Steinólfsstöðum í Veiðileysufirði er lítt notað tjaldsvæði. Á því svæði er elsti kamar í friðlandinu. Ekki er ólíklegt að tjaldsvæðið verði aflagt þegar kamarinn fellur úr notkun.

Tjaldsvæðin á Látrum í Aðalvík og við Hlöðuvíkurlós eru bæði undir talsverðu álagi og umgengni á þeim einna verst allra tjaldsvæða í friðlandinu. Auka þarf eftirlit og heimsóknir landvarða á þau svæði, bæta merkingar og leiðbeiningar. Spurning að koma upp lítilli landvarðaraðstöðu á umræddum stöðum og landvörður væri síðan á ferðinni milli þeirra, með viðkomu í Fljóti.



Landvarðar- og sjálfboðaliðaaðstaða á Hesteyri er í tjaldi

Í deilgunni er að bæta við tjaldsvæði í Glúmsstaðardal, enda er nú þegar talsvert tjaldað þar. Umræður eru þegar hafnar við landeigendur. Á Sæbóli í Aðalvík er tjaldað á tveimur stöðum. Ætlunin er að sameina þá staði og framtíðartjaldsvæði verður við Barnaskólann þar samkvæmt samningi við landeigendur. Vatnsbúskapur er reyndar erfiður þar og finna þarf framtíðarlausn.

Oft hafa komið ábendingar frá ferðamönnum vegna rusls, ekki síst plastics, í fjörum. Þó mikið hafi dregið úr slíkum reka ber enn á allskyns netadræsum, olíubrúsum og jafnvel heimilissorpi. Leita þarf leiða til að stöðva slíkar sendingar og finna fjármagn til að hefja hreinsun rusls úr rekafjörum. Benda má á að undanfarin ár hefur Hafnarsandur í Hornvík verið hreinsaður árlega, en enn rekur talsvert upp þar á hverju ári.

Erfiðlega gengur að koma reglum svæðisins til gesta, jafnvel þó leiðbeiningar séu við alla landingastaði báta. Óformleg könnun í Veiðileysufirði leiddi í ljós að nær engin les umrædd skilti. Í þeim firði var jafnframt komið fyrir vegvísunum til að leiðbeina fólki á gönguleið í Hafnarskarð, en hafði nær engin áhrif þar sem fólk lítur ekki á það. Leggja þarf höfuðið í bleyti um hvernig hægt sé að ná til ferðamanna.

Tilraun var gerð í ágúst þar sem allir ferðamenn voru beðnir um að gæta að umgengni sinni og var beiðnin margítrekuð, jafnt hjá ferðasöluáðilum, flutningsaðilum og landverði. Hafði þetta ágæt áhrif. Eftir sem áður fóru sumir ekki eftir leiðbeiningum og ágerðist það eftir því sem fækkaði á svæðinu. Er líkt og menn upplifi algjört frelsi þegar þeir eru einir á stóru svæði. Nú gilda engar reglur lengur og hve má haga sér að vild.

- Útbúa þarf leiðbeiningar fyrir ferðapjónustuaðila friðlandsins (auka samábyrgð þeirra á svæðinu)
- Bæklingur með einföldum leiðbeiningum fyrir ferðamenn, jafnvel táknmerki – ekki í of stóru upplagi vegna breytinga -



Leiðbeiningar við Hesteyri

Tékkneskt par spurði landvörð fyrir hvað friðlandið stæði. Svarið var; Náttúruvernd fyrst og fremst, varðveisla landsins til framtíðar og mótast störf landvarða af því. Náttúran væri gestgjafinn og sem gestir þyrftum við að sýna henni tillitssemi, virðingu og góða umgengni.

Eftir stuttar umræður sagðist parið hafa annan skilning á friðlandinu og umgengni þeirra myndi framvegis miðast við það. Við komuna töldu þau að friðlandið væri fyrst og fremst ferðamannasvæði og hlutverk móta af því. Áttuðu sig þó á gestahlutverki sínu þar sem náttúran sjálf er gestgjafinn (hvernig kemur maður fram við gestgjafa sína tillitssemi, góða umgengni o.s.frv.) . Setja þarf fram gildi svæðisins og gera alla ferðamenn meðvitaða um þau. Slíkt gæti bætt umgengni til muna.

Álag og umgengni

Með vaxandi fjölda ferðamanna eykst átroðningur á náttúru og umhverfi margra verndarsvæða. Oft heldur vöxtur innviða ekki við vöxt ferðamanna. Innviðir s.s. stígar, salerni og annað hefur ekki undan fjöldanum og rof hefst svo og versnandi umgengni. Ef ekkert er að gert hnigna svæði mjög hratt og áður en varir skapast ófermdarástand og verndargildi og vinsældir svæðanna minnka. Með réttri stýringu og innviðum má draga verulega úr álagi á umhverfið. Eftir sem áður þarf einnig að fara gætilega í mikla uppbyggingu innviða, því slík uppbygging getur dregið úr upplifun gesta og breytt umhverfinu. Mikil uppbygging leggur auk þess æ meiri ábyrgð á rekstraraðilann um leið og eigin ábyrgð fermananna minnkar. Finna þarf hinn gullna meðalveg og leggja ekki síður áherslu á að hafa áhrif á ferðahegðun ferðamanna, enda er það í raun hegðunin sem hefur mest áhrif til hnignunar. Með réttum upplýsingum og merkingum má hafa umtalsverð áhrif á ferðamenn og auka ábyrgð þeirra á eigin ferðum og hegðun og draga um leið úr álagi á verndarsvæði og lengja líftíma þeirra.

Hegðun má aðgreina í nokkra flokka og hefur hver þeirra mismunandi álagsáhrif á náttúru og umhverfi. Einnig eru viðbrögð við skilgreindri hegðun ólík. Fimm algengir flokkar hegðunar eru:

1. Óhjákvæmilegt álag sem skapast vegna fjölda ferðamanna (slit á stígum t.d.). Best er að taka á slíku álagi með góðum innviðum, gæta þess að göngustígar séu góðir og að gestir haldi sér á þeim, salerni hrein o.s.frv.
2. Ólöglegt athæfi, t.d. utanvegaakstur eða veiðar á friðuðum tegundum. Ef vilji er til staðar getur verið erfitt að taka á þessum vanda nema með auknu eftirliti og löggæslu.
3. Kærulaus hegðun, oft ómeðvituð s.s. ferðamaðurinn sem kastar frá sér rusli, leggur ökutæki inná göngustíg o.s.frv. Bætt með bæklingum, skiltum og fræðslu.
4. Óvanir ferðamenn – hæfni ábótavant.
5. Óupplýstir/ Óundirbúnir, geta verið vanir ferðamenn en ekki undirbúnir fyrir það svæði sem þeir heimsækja. Kynna sér ekki reglur, aðstæður, veður o.fl. Umræddir ferðamenn lenda því frekar í flóknum aðstæðum og jafnvel vanda (festa bíla í snjó á lokuðum vegum o.s.frv.). Stundum eru umræddir ferðamenn einfaldlega kærulausir er kemur að upplýsingaöflun varðandi svæði sem þeir heimsækja (skoða ekki veðurspá, reglur o.fl.).

Umræður

Tilraunir hafa verið gerðar á undanförunum árum að lengja ferðatímabilið á Hornströndum. Til þessa hefur virkasti ferðatíminn verið uppúr miðjum júní og fram í miðjan ágúst. Nú hefjast áætlunarferðir í byrjun júní og standa fram í septemberbyrjun. Lenging ferðatímans veldur smá áhyggjum, ekki síst þegar vorar seint samanber sumarið 2013 og haustar snemma. Gera þarf meiri kröfur til ferðamanna snemmsumars og á haustin, en reyndin virðist vera sú að ferðamenn, ekki síst á haustin virðast jafnvel óvanari en þeir sem koma um miðbik sumarsins. Þá virðist ríkja meiri kæruleysi meðal gesta sem koma utan annatíma sem gæti einnig skýrst af því hve fáir eru á svæðinu.

Tíðarfar samhliða átroðningi gesta yfir sumarið hefur mikil áhrif á svæðið, en draga má úr þeim með því að hvíla það reglubundið. Hegðun gesta virðist einnig vera mismunandi eftir því á hvaða tíma menn sækja svæðið heim. Þannig ber meir á verri umgengni þegar fáir eru á svæðinu.

Leiða má líkum að því að hætta á slysum og óförum sé meiri utan háannatímans, þ.e. á vorin og haustin, ekki síst ef ferðamenn eru óvanir ferðalögum við þær aðstæður sem geta skapast á umræddum tíma.

Oft berast fyrirspurnir um annarskonar ferðamáta en þann sem algengastur er í friðlandinu, s.s. hjólréiðar, þyrluflug o.fl. Mjög brýnt er að ræða og skoða þessi mál og fá lagalega studda afgreiðslu sem fyrst, eða áður en menn hefja fjárfestingu og undirbúning að ferðum sem eru í andstöðu við þá þjónustu sem þegar er veitt.

Í dag er stærð og fjöldi áætlunarbáta takmarkandi þáttur hvað varðar fjölda ferðamanna á svæðinu. Óvissa er um burðarþol friðlandsins, en ekki er ólíklegt að það sé að nást á háannatíma. Líkt og varðandi annarskonar ferðamáta þarf að leggja mat á hve marga ferðamenn svæðið ber, til að forðast offjárfestingu í farþegabátum og enn frekar ef til takmörkunar á fjölda ferðamanna kemur á komandi árum.

Ofangreind umræða vísar ekki síst til þess hve brýnt er að ná fram sátt um ferðamennsku í friðlandinu með gerð skilvirkrar verndaráætlunar. Í slíkri áætlun yrði tekið á öllum þeim ágreiningsmálum sem upp koma að koma með hagsmuni svæðisins og náttúru þess að leiðarljósi.

Niðurlag

Hornstrandafriðlandið hefur mikla sérstöðu samanborið við mörg önnur friðlýst svæði hér á landi og þó víða væri leitað. Brýnt er að meta gildi þess og varðveita, ekki síst komandi kynslóðum til gagns. Benda má á að friðlandið flokkast nú í sjaldgæfan flokk alþjóðlegra verndarsvæða (IUCN cat 1b - wilderness) og eiga eigindi svæðisins, reglur (t.d. refafriðun) svo og aðgengi að því stærstan þátt í þeirri flokkun. Er friðlandið eina svæðið á landinu í þeim flokki í dag og mikilvægt fyrir þjóðina að eiga slíkt svæði. Það er á ábyrgð allra hagsmunaaðila og landeigenda að viðhalda slíkri flokkun með samvinnu, umræðu og opnum skoðanaskiptum um framtíð og þróun Hornstrandafriðlandsins.



Haustmynd frá Hesteyri

Viðaukar

Auglýsing um friðland á Hornströndum.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur Umhverfisstofnun fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður- Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnarfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skorarvatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan á móta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar.
2. Umferð vélknúinna farartæka utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.
3. Leyfi landeigenda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar. Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax-og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
4. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Umhverfisstofnun setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Umhverfisstofnun og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningaminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Umhverfisstofnun setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. Umhverfisstofnun og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Umhverfisstofnunar eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Hornstrandanevnd

Hornstrandanevnd er Umhverfisstofnun til ráðgjafar um málefni friðlandsins. Í lok árs 2013 sátu í nefndinni:

- Andrea Harðardóttir fyrir hönd Ísafjarðarbæjar
- Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
- Matthildur Guðmundsdóttir fyrir hönd landeigenda
- Erling Ásgeirsson fyrir hönd landeigenda
- Ingi Stígsson fyrir hönd landeigenda
- Ólafur A Jónsson fyrir hönd Umhverfisstofnunar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar

Starfsmaður nefndar er Jón Björnsson, Hornstrandastofu

Viðauki, skilti á kamra

Vinsamlegast gangið vel og snyrtilega um kamarinn og hafið í huga að margir þurfa að nota hann.



Please take good care of the latrine and remember that other people use it

Skiljið við kamarinn eins og þið komuð að honum, ekki skilja neitt eftir og haldið honum hreinum.



Leave the latrine in the same condition as you found it, **keep it clean** and don't leave any personal possessions

EKKI SETJA RUSL Í KAMARINN. Slíkt hægir á virkni hans, eykur lykt og fyllir hann fyrr.



DO NOT PUT ANY RUBBISH IN THE LATRINE, it will slow down the decomposition, fill the latrine quicker and make it smell more.

Tryggið að hurðin sé lokuð þegar kamarinn er yfirgefin. Opin hurð getur hæglega fokið upp og skemmst.



When you leave the latrine **please make sure the door is secured.** An open door can easily be damaged by bad weather.

Landvörður

Ranger

Ný skilti voru útbúin og sett í kamra í friðlandinu 2013 og höfðu góð áhrif. Umgengni batnaði til muna.

Ástandsskýrsla 2013

Almennt um friðlandið
Friðlýst
Auglýsing nr. 332/1985 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 1975.
Stærð
58915 ha. Mörk friðlands eru ekki alveg rétt í korti friðlýsingar og stærð friðlands aðeins undir mörkum
Alþjóðaflokkun friðlandsins
IUCN cat 1b / wilderness – víðerni (óbyggðasvæði með frekar erfiðu aðgengi)
Mörk
Mörk friðlands eru ekki alveg rétt í korti friðlýsingar og stærð friðlands aðeins undir mörkum
Friðlýst
Auglýsing nr. 332/1985 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 27. febrúar 1975.
Lokunarákvæði
Frá 15. apríl til 15. júní þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög á svæðinu. Reglan hefur verið ítrekuð í leiðbeingaskiltum innan svæðis.
Náttúruverndargildi
Hornstrandafriðlandið er tæpir 600 km ² að stærð og eitt af stærri friðlöndum á Íslandi. Innan þess er hluti Jökulfjarða, Aðalvík og Fljótavík svo og stór hluti Hornstranda. Náttúra svæðisins er fjölbreytt, vistheildir stórar og fjölbreytni mikil. Aðgengi að friðlandinu er fremur erfitt, enda svæðið akvegalaust. Stór hluti friðlandsins tilheyrir flokki víðerna. Ferðamaðurinn þarf að móta sig að náttúru svæðisins en getur ekki mótað náttúruna að sér. Svæði í þessum flokki eru fremur fá á heimsvísu.
Umsjón
Umsjónaraðili
Umhverfisstofnun, Hornstrandastofa Ísafirði, Jón Björnsson, S: 822 4056 netf. jonb@ust.is hornstrandir@ust.is
Samráðsnefnd
Hornstrandanevnd/ sjá viðauka
Samningur (um rekstur/samstarf)
Engir sérsamningar eru um rekstur friðlandsins. Hinsvegar er fjölmargir samstarfsaðilar, þó ekki séu formlegir samstarfssamningar til staðar utan samnings Umhverfisstofnunar og Náttúrustofa. Hefur sá samstarfssamningur virkað vel í friðlandinu með aðkomu að fjölda verkefna. 2013 var unnin skýrsla varðandi skráningu hvannar í friðlandinu sem unnið var af Náttúrustofu Vestfjarða og Hornstrandastofu.
Eignarhald svæðis
Friðlandið er að mestu í einkaeign og er eignarhald mjög dreift á flestum stöðum (landeigendur skipta hundruðum).
Hagsmunaaðilar
Landeigenda- og áttthagafélög. Sveitafélög við Ísafjardardjúp. Ferðapjónustuaðilar við Djúp. Ferðafélög. Vinna þarf hagsmunaaðilagreiningu

Starfsemi
Landvarsla
Sumarið 2013 störfuðu tveir landverðir í alls 4 vikur í friðlandinu og sérfræðingur friðlandsins í 14 vikur. Þá störfuðu erlendir sjálfboðaliðar í friðlandinu í 12 daga og skiluðu 72 dagsverkum. Einn sjálfboðaliði starfaði til viðbótar og var alls 11 vikur í friðlandinu. Sérfræðingur var fengin til þess að leiðbeina sjálfboðaliðum og skilaði 12 dagsverkum. Loks starfaði háskólanemandi í tvær vikur við sérhæfð landvarðarverkefni. Á veturna starfar sérfræðingur friðlandsins á skrifstofu Hornstranda á Ísafirði. Heildarvinnuvikur í friðlandinu 2013 voru 43.
Sjálfboðaliðar
Sjálfboðaliði starfaði lungan úr sumrinu á Hesteyri og 6 sjálfboðaliðar störfuðu að vörðuverkefni á Hesteyrarbrúnum. Alls skiluðu sjálfboðaliðar 149 dagsverkum í friðlandinu.
Öryggi
Landverðir ganga með handtalstöðvar (VHF) og öflug talstöðvar eru á Hesteyri og í Hornvík. Þá er talstöð í eigu friðlandsins staðsett á Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Ísafirði og dagleg samskipti við hana vegna ferðamanna. Tveir gerfihnattasímar eru á svæðinu, annar í Hornvík og hinn hjá sérfræðingi (göngusími). Magnari fyrir GSM síma er á Hesteyri. Friðlandið er yfirfarið á vorin og m.a. leitað af ummerkjum eftir hvítabirni. Öflugt samstarf er við ferðaþjóna svæðisins og upplýsingamiðstöðvar í fjórðungnum um stýringu ferðamanna um svæðið, ekki síst við erfiðar aðstæður (sumarbrætur). Ferðamenn eru skráðir inn og út af svæðinu og einnig eru þeir skráðir í Hornvík og á Hesteyri (innan svæðis). Öryggisáætlun hefur ekki verið sett fram, en stöðugt er safnað efni í hana og verður áætlun unnin samhliða verndaráætlunargerð.
Fræðsla
Vinna er hafin að gerð nýs bækling um Hornstrandarfriðlandið með söfnun upplýsinga og leiðbeininga. Ekki er ljóst hvenær hann verður gefinn út. Núverandi bæklingur er frá árinu 2000. Þá er vinna í gangi varðandi upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar í endurskoðun og vinnslu. Engin bein formleg fræðsla er innan friðlandsins, en mikil óbein fræðsla, þ.e. maður á mann.
Samningur
Engir sérsamningar eru um rekstur friðlandsins. Hinsvegar er fjölmargir samstarfsaðilar, þó ekki séu formlegir samstarfssamningar til staðar utan samnings Umhverfisstofnunar og Náttúrustofa. Hefur sá samstarfssamningur virkað vel í friðlandinu með aðkomu að fjölda verkefna. 2013 var unnin skýrsla varðandi skráningu hvannar í friðlandinu sem unnið var af Náttúrustofu Vestfjarða og Hornstrandastofu.
Framkvæmdir
Hlaðnar voru vörður á Innri Hesteyrarbrúnum. Flestir kamrar innan friðlandsins voru fúavarðir. Grjóthreinsað var í mörgum göngustígum svo og tjaldsvæði yfirfarin og hreinsuð.
Rekstraráætlun
Um 9. miljónir á ári (svæði og skrifstofa á Ísafirði)
Fjárfestingar
Keypt voru tvö ný áningaborð á Hesteyri. Þá voru útbúin skilti á kamra.
Styrkir
Styrkur fékkst frá Ferðamálastofu 2013 vegna vörðuhleðsluverkefnis á Hesteyrarbrúnum. Einnig fékkst styrkur frá Pokasjóði og voru útbúnir ruslapokar fyrir ferðamenn sem fara í dreifingu 2014.

Samstarfsaðilar
Helstu samstarfsaðilar eru: Upplýsingamiðstöðin á Ísafirði, Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar, Náttúrustofa Vestfjarðar, Bolungarvík, Melrakkasetur, Súðavík, Átthagafélög, Landeigendafélag Grunnavíkur- og Sléttuhrepps svo og smærri sérfélög og einstakir landeigendur. Ferðaskrifstofan Vesturferðir, Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar, Skútusiglingar ehf (Borea), ferðaskrifstofan Kagrafell, Lonely planet, önnur fyrirtæki í bátþjónustu, áætlunarferðum, fyrirtæki eða einstaklingar með þjónustu innan svæðis (gisting, veitingar o.fl.). Samstarf innan deilda UST, The Wild North, útivistarfélög og fjölmargir aðrir.
Innviðir
Skilti
Leiðbeiningarskilti var sett upp í Veiðileysufirði. Útbúnir voru vegvísar á völdum stöðum og settir upp.
Stígar
Viðhald var lagt í göngustíg umhverfis þorpið á Hesteyri og hluti stígsins færður (við kirkjugarð). Vörður á Innri Hesteyrarbrúnum voru lagfærðar og stór hluti þeirra endurhlaðnar. Jafnframt var unnið við stíg á brúnunum að hluta.
Innviðir
Allir kamrar á svæðinu fúavarðir. 16 tjaldsvæði eru í friðlandinu.
Húsnæði
20 fermetra landvarðar- og salernishús er í Hornvík.
Annar búnaður
Ljósavél og verkfæri í góðu standi
Náttúra/ástand
Vöktun
Á vegum Umhverfisstofnunar er fylgst með fjölda ferðamanna, aðkomuleiðum í friðlandið og ferðahegðun, þ.e. sumarhúsafólk, göngumenn o.s.frv. Stefnt er að vöktun á mófuglum í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða. Æskilegt er að vakta stofna refa og minka. Einnig að vakta nytjar sem leyfðar eru á svæðinu. Náttúrustofa Vestfjarða hefur fylgst með skordýralífi í Fljótavík og af og til eru framkvæmdar gróðurlendismælingar. Mellrakkasetrið í Súðavík sinnir rannsóknum og vöktun á ref á hluta svæðisins og er m.a. reynt að meta afkomu í stofninum. Landverðir hafa tekið þátt í vöktunarverkefnum í samstarfi við Náttúrustofuna (NV). Þá fylgjast þeir með náttúrufari, ástandi göngustíga og annað slíkt og skrá í landvarðarskýrslur, þó ekki sé um stöðuga vakt að ræða.
Framandi tegundir
Lúpína finnst ofan Hesteyrar og í Fljótavík. Unnið að eyðingu árlega. Kerfill er á Hesteyri og á Horni. Hefur verið kortlagður og fylgst með þróun og dreifingu hans.
Válistategundir
Stuttnefja (VU).
Sérfríðun tegunda
Haförn verpir á svæðinu. Snæugla hefur sést af og til en óvíst er með varp.
Alþjóðasamningar
Samkvæmt Bernarsamningnum ber að stýra veiðum á stuttnefju.
Rannsóknir
Talsvert er sótt í rannsóknir innan friðlandsins á ári hverju. Hluti þeirra er í vöktunarkaflanum. Tveir erlendir háskólar unnu að verkefnum tengdum jarðfræði og hnattrænni hlýnun í friðlandinu 2013.

SVÓT
<p>Friðlandið er afskekkt og aðgengi erfitt, ekki síst yfir vetrarmánuðina. Ferðamannatíminn er stuttur á svæðinu og ferðamenn fremur fáir. Tiltölulega auðvelt er að fylgjast með ferðum fólks á svæðinu og skráning gesta inn og út er góð. Landverðir hitta stærri hluta gesta og eiga tal við fjölmarga þeirra. Síaukin sókn í fiskeldi í kvíum gæti leitt til árekstra ef slíkum kvíum yrði komið fyrir á hafsvæðinu við firðlandið s.s. í Jökulfjörðum. Þyrlufyrirtæki hafa prófað sig á svæðinu en slíkur ferðamáti myndi stangast á við núverandi ferðamennsku.</p>
Annað ástand
<p>Talsvert fjölgaði af gönguferðamönnum sumarið 2013 og hafa ekki verið eins margir um langt skeið. Einnig er stöðug fjölgun í dagsferðum, ekki síst á Hesteyri. Á Hesteyri er farið að sjá á göngustígum og þarf að fara í úrbætur þar. Hinsvegar er landið í einkaeign og er brýnt að samkomulag náist um framtíð ferðaþjónustu á þeim stað áður en farið er í framkvæmdir. Álag á tjaldsvæði og göngustíga hefur aukist allnokkuð og fer sífellt meiri tími í viðhald þeirra.</p>
Núverandi landnotkun
<p>Svæðið er lokað og mannaust stóran hluta ársins. Náttúruvernd er meginviðfangsefni rekstraraðila. Nokkur hús eru í einkaeign á svæðinu og lóðir litlar. Nær engar veiðar eða hefðbundnar nytjar eru lengur stundaðar. Rekaviður er lítilsháttar nýttur á stöku stað. Megin tími ferðamanna á svæðinu er um 7 vikur yfir hásumarið. Lítil þjónusta er innan friðlands og þjónustuhættir frumstæðir. Hægt er að kaupa gistingu í örfáum húsum auk veitingar í tveimur þeirra.</p>
Gestir
5800, áætlun
Þar af erlendir
2800
Þar af innlendir
3000
Gestalýsing
<p>Flestir gesta eru dagsferðamenn (2300) og eru erlendir gestir í meirihluta þeirra, þá ekki síst farþegar sekmmtiferðaskipa (1266). Tæp 30% ferðamanna eru land- og húseigendur ásamt gestum. Göngumenn eru um 1900 og vetrarferðamenn 300 (skíðafólk/ aðrir). Íslendingar eru rúmlega helmingur gesta. Miðevrópubúar, Bandaríkjamenn og Bretar eru í næstu sætum. Tiltölulega fáir gestir koma frá Norðurlöndum og austur Evrópu.</p> <p>Eigindi gesta:</p> <p>Sumarhúsagestir 29% (nær eingöngu Íslendingar)</p> <p>Vetrarferðamenn 4% (erlendir sem innlendir álíka margir)</p> <p>Göngumenn sem kaupa jafnframt þjónustu (gista í húsum) 10% (mest Íslendingar)</p> <p>Göngumenn í tjöldum og með allt á bakinu 19% (erlendir eru 75%) - meðaldvöl í friðlandinu 4,8 dagar</p> <p>Dagsferðamenn 38% (erlendir eru 75%)</p>